



Knattspyrnufélagið
HAUKAR
Stofnað 12. apríl 1931



ÁRSSKÝRSLA 2025



EFNISYFIRLIT

A.	INNGANGUR	3
B.	AÐALSTJÓRN HAUKA – AÐALFUNDUR	3
C.	STARFSNEFNDIR	4
D.	ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2025	4
E.	LEIKJASKÓLI BARNANNA	6
F.	AFREKSSKÓLI HAUKA	7
G.	LÁVARÐARNIR – ÖKUMENN HAUKA	7
H.	VIÐURKENNINGARHÁTÍÐ HAUKA	8
I.	FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM	8
J.	MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA	12
K.	HAUKAR Í HORNÍ – STUÐNINGSMENN	12
L.	ALMENNINGSÍÞRÓTTAÐEILD – SKOKKHÓPUR	12
M.	SKÁK	13
N.	KNATTSPYRNUDEILD	15
O.	KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	18
P.	HANDKNATTLEIKSDEILD	21
Q.	KARATEDEILD	23
R.	GOLF	24
S.	VEIÐI	25
T.	GETRAUNALEIKUR	25
U.	REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF	25
V.	ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR – ÍBH	25
X.	LOKAORÐ – FÉLAGIÐ OKKAR	29
Y.	FYLGISKJAL 1 ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA 2025	31
Z.	FYLGISKJAL 2 ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2025	41
Þ.	FYLGISKJAL 3 AÐALSTJÓRN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2025	51

A. INNGANGUR

Við erum stolt af félaginu okkar, íþróttafólkinu, sjálfbóðaliðum, starfsfólki okkar, félagsmönnum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið í gegnum árin. Félagið okkar, Knattspyrnufélagið Haukar, fagnaði 94 ára afmæli þann 12. apríl 2025. Margt er að minnast og margt ber að þakka. Okkur er líka hollt að muna að í dag búum við að aðstaðum sem engum í árdaga hefði órað fyrir að yrði einhvern tímann að veruleika.

Góð aðstaða er lykilforsenda þess að fjölbreytt starf Hauka geti haldið áfram að vaxa og dafna. Félagið hefur lagt mikinn metnað í að skapa öruggt, vel búið og faglegt umhverfi fyrir iðkendur í öllum greinum. Því var það gríðarlegt fagnaðarefni þegar við vígðum nýtt stórglæsilegt knatthús þann 14. febrúar 2025. Tilkoma knatthússins gjörbreytir allri aðstöðu knattspyrnudeildar og er afar góð viðbót við þá frábæru aðstöðu sem við höfum nú þegar hér í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum. Íþróttamiðstöð með góðum æfingasölum og öðrum stöðrymum svo sem aðstöðu til styrktarþjálfunar skiptir sköpum í allri íþróttaiðkun. Þegar við búum að góðri aðstöðu eykst gleðin, árangurinn verður meiri og fleiri börn og unglingar finna sig í starfinu. Slík aðstaða er ekki aðeins fjárfesting í íþróttinni hún er fjárfesting í framtíð Hafnarfjarðar og í fjölbreyttu samfélagi þar sem allir fá tækifæri til að blómstra.

Góður árangur og góð aðstaða til íþróttaiðkunar fara gjarnan saman, en þó skiptir þar kannski mestu máli að þeir sem leitt hafa félagið í áratugi hafa verið ötulir að berjast fyrir betri aðstöðu fyrir íþróttafólkið okkar. Þar skiptir samstaða og samheldni allra þeirra sem koma að félaginu mestu máli. Án hvatningar, elju og óbilandi trúar á verkefnið náum við ekki árangri. Aldrei verður heldur nóg samlega þakkað ómetanlegt starf allra þeirra fjölmörgu sjálfbóðaliða sem félagið á og hafa lagt félagið að sínum hjarta rötum.

Á árinu veittum við viðurkenningar til fjölmargra sem af eljusemi hafa stundað sína íþrótt og náð þar góðum árangri. Á viðurkenningarhátíð Hauka sem haldin er ár hvert á Gamlársdag var Þóra Kristín Jónsdóttir, körfubolta, valin íþróttakona Hauka og Aron Rafn Eðvarðsson, handbolta, valinn íþróttamaður Hauka. Þá var Emil Barja valinn þjálfari ársins. Íþróttafólkið okkar náði góðum árangri á árinu meðal þeirra bestu og áfram er haldið í þeirri viðleitni að vera ávallt í fremstu röð íslenskra íþróttafélaga. Íþróttafólkið okkar sem var valið á glæsilegu viðurkenningarhátíðinni á Gamlársdag eru meðal þeirra sem eru fyrirmyndir okkar. Höfum að leiðarljósi helstu markmið okkar Haukanna þar sem **mannrækt, kærleikur og virðing í leik og starfi** eru einkunnarorð sem lifað hafa með félaginu í rúm 90 ár.

Knattspyrnufélagið Haukar gegnir æ stærra hlutverki í okkar góða samfélagi og það er sannarlega ánægjulegt að finna þar góðan stuðning við starf félagsins.

Í þessari ársskýrslu er farið yfir helstu atriði í starfi Knattspyrnufélagsins Hauka og þar má sjá að félagið stendur styrkum fótum, með öflugt íþróttastarf, frábært stuðningsfólk, sjálfbóðaliða og starfsfólk.

Tíminn líður og Knattspyrnufélagið Haukar mun fagna 100 ára afmæli félagsins þann 12. apríl 2031. Við erum þegar farin að horfa til þessara tímamóta með eftirvæntingu. Besta gjöf félagsins á þeim tímamótum verður eflaust, kærleiksríkt samband við alla félagsmenn, unga sem aldna, sem og þakklæti til allra þeirra sem rutt hafa brautina og haldið hafa uppi merkjum félagsins.

ÁFRAM HAUKAR

B. AÐALSTJÓRN HAUKA – AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins var haldinn miðvikudaginn 20. maí 2025 í Samkomusalnum. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Ingimar Haraldsson. Fundurinn fór hið besta fram og var mæting með ágætum.

Stjórn félagsins er skipuð eftirtöldum:

Með kosningu: Magnús Gunnarsson formaður, Valgerður Sigurðardóttir varaformaður, Guðborg Halldórsdóttir gjaldkeri.



Tilnefnd af deildum:

Frá handbolta: Andri Már Ólafsson og Elva Guðmundsdóttir.

Frá fótbolta: Halldór Jón Garðarsson og Oddný Sófusdóttir.

Frá körfu: Brynjar Þór Þorsteinsson og Brynjar Örn Steingrímsson.

Frá karate: Kristján Ó. Davíðsson.

Frá almenningsíþróttadeild: Eiríkur Svanur Sigfússon.

Frá félagsráði: Ingimar Haraldsson.

Skoðunarmenn ársreiknings: Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson.

Stjórnin hélt 9 fundi á starfsárinu. **Framkvæmdastjóri félagsins** er Magnús Gunnarsson.

C. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldir nefndir voru starfandi á árinu:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka: Magnús Gunnarsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson.

Orðunefnd: Magnús Gunnarsson, Guðborg Halldórsdóttir, Ingimar Haraldsson og Valgerður Sigurðardóttir.

Starfsnefnd um byggingu knattúss: Magnús Gunnarsson og Halldór Jón Garðarsson.

Fulltrúi í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson.

Fulltrúi í stjórn afrekssjóðs ÍBH: Magnús Gunnarsson.

D. ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2025

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin 19 talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi.



Aron Rafn Eðvarðsson sá um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu- handbolta- og körfuboltaskóla. Þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var upp á í allt sumar fyrir hádegi, eftir hádegi var leikjaskólinn í boði.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum lítillega, hálf vika hækkaði úr 7.000 kr í 8.000 kr og heill dagur með hádegismat úr 19.000 kr í 21.000 kr.

Stjórnandi knattspyrnuskólans var Friðbert Bjarki Guðjónsson. Yfir körfuboltaskólanum var Gunnar Sverrisson og yfir handboltaskólanum var Aron Rafn Eðvarðsson. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar. Sú tilraun gekk út á það að

leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum frá 16-20 ára að skiptast á að stjórna fjölgreinánámskeiðinu ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki sem héldu námskeiðnu fersku í allt sumar. Einnig var þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi.

Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

SUMARÍÞRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 6–16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka á Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 6–12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki væri síður mikilvægt fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglíngunum í 8.–10.bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 10 ár kennt fjölda ungs fólks að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.–10.sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

NÁMSKEIÐIN

Við buðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00–09:00 alla daga en annars var dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá klukkan átta á morgnana til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðinn fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

09:00–10:15 : Prógramm 1	10:15–10:45 : Nesti
10:45–12:00 : Prógramm 2	12:00–13:00 : Hádegismatur
13:00–14:15 : Prógramm 3	14:15–14:45 : Nesti
14:45–16:00 : Prógramm 4	Nesti

YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 6–16 ára

Fjölgreinaskóli
Leikjaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára
Gras sláttur
Brekur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Meðfram vallahúsi
Áhorfendastæði
Beðahreinsun
Kantskurður við vallahús
Snyrting á beði við vallahús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallahús

Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
Verk í aðalhúsi
Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpix af rimlum og mörkum
Vallahús
Þrif á salernum, sturtum, klefum og móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
Útisvæði
Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði

SAMANTEKT

Eftir 19 sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi sem hentar öllum, hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnst því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður og gott utanumhald var um tíma í höndum starfsmanna. Við buðum upp á dagskrá fyrir nánast alla; fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks frammistöðu.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

ÁFRAM HAUKAR

IÐKENDATÖLUR SUMARÍÞRÓTTASKÓLA HAUKA 2025

NÁMSKEIÐ FJÖLDI

Fjölgreinaskóli	145
Leikjaskóli	122
Körfuboltaskóli	160
Knattspyrnuskóli	158
Handboltaskóli	121
Samtals	706

ÚR ÁRSSKÝRSLU SUMARSKÓLANS

E. LEIKJASKÓLI BARNANNA



Leikjaskóli barnanna er fyrir þessi yngstu, eða þau sem eru 2–5 ára (2020–2024) og eru öll börn, nær og fjær, hjartanlega velkomin til okkar!

Leikjaskólinn var með sama sniði og áður á laugardagsmorgnum kl. 9:00–9:50 en börnunum var skipt upp eftir aldri. Kennsla fór fram í handboltasal og Ólafssal á Ásvöllum.

Markmið leikjaskólans er að kynna fyrir iðkendum íþróttasalinn og áhöld sem þar eru. Þá er farið í grunn hinna ýmsu greina ásamt grunnhreyfingum barna. Mikil áhersla er lögð á að iðkendur fái að njóta sín í fadmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts. Börnin fá hér samverutíma í íþróttasölunum með forráðamönnum og undirbúningur fyrir skólavist er þá hafin. Verð á hverri önn, haust og vor, var kr. 16.000. Skráning fór fram á Sportabler.

Þjálfarar leikjaskólans voru **Albert Magnússon** og **Alexandra Hödd**

Harðardóttir en þau eru okkur að góðu kunn og hafa þjálfað hjá félaginu í mörg ár. Með þeim voru einnig aðstoðarþjálfarar. Fjöldi iðkenda á liðinni vorönn var 140 auk þess sem foreldrar, forráðamenn og systkini fylgja gjarnan með iðkendum.

Sjáumst hress í Leikjaskólanum og munum að hafa gaman og njóta samverunnar saman!

F. AFREKSSKÓLI HAUKA

Afrekslína Hauka starfaði af krafti á starfsárinu og skiptist sem fyrr í Afreksskóla Hauka fyrir nemendur í 8.–10. bekk grunnskóla og Afrekssvið Flensborgarskólans. Fjöldi iðkenda tók þátt í starfinu og var lögð rík áhersla á að skapa faglegt, metnaðarfullt og uppbyggilegt æfingaumhverfi fyrir unga iðkendur félagsins.

Megináhersla starfsins var á markvissar tækni- og styrktaræfingar þar sem unnið var að styrk, líkamlegum undirbúningi og tæknilegri færni iðkenda. Jafnframt fengu iðkendur mikilvæga leiðsögn í gegnum daglegt starf og samskipti við þjálfara um fagleg vinnubrögð, aga, ábyrgð og mikilvægi góðra æfingavenja.

Æfingar fóru fram undir leiðsögn reynslumikilla þjálfara og var áfram lögð áhersla á öflugt samstarf milli skóla og íþróttastarfs. Markmið Afrekslínu Hauka er að styðja við framfarir iðkenda bæði innan vallar sem utan og skapa sterkan grunn fyrir áframhaldandi þróun í íþróttum og námi.

G. LÁVARÐARNIR – ÖKUMENN HAUKA

Haukar hafa löngum státað af öflugum sjálfbóðaliðum sem hafa lagt fram ómælda vinnu fyrir félagið sitt. Fyrir nokkrum árum bættist í hóp sjálfbóðaliðanna afar öflugur hópur heldri manna sem við völdum að kalla lávarða. Þótti auðvitað sjálfsagt að deild þessara höfðingja bæri nafnið Lávarðadeild Hauka. Hlutverk félaga í Lávarðadeildinni er að flytja bíla fyrir Bílaleiguna Höldur og njóta Haukar góðs af vinnu þeirra. Stöðugt fjölgar þeim ferðamönnum sem til landsins koma og því hefur verið nóg að gera í bílaflutningum á undanförunum misserum. Lávarðarnir hafa því



mætt ófáa morgna hér á Ásvöllum kl. 8 árdegis og flutt bíla milli svæða sem aldrei fyrr. Ef einhver hefur áhuga á að komast í þennan góða hóp og leggja sitt af mörkum fyrir Hauka þá er um að gera að hafa samband við Magga Gunn í síma 665-8910 og skrá sig í hópinn.

Aldrei er þessum öðlingum þakkað nógsamlega fyrir framlag þeirra til Hauka, en við reynum að gera þeim eitthvað til góðs með hrossakjötsveislu að hausti og lambasteik stöku sinnum!

H. VIÐURKENNINGARHÁTIÐ HAUKA

Í hádeginu á Gamlársdag komu Haukar saman að venju til að heiðra sitt besta íþróttafólk. Fjölmenni var á hátíðinni sem formaður félagsins, Magnús Gunnarsson, stjórnaði.

EFTIRTALIN VORU TILNEFND:

Íþróttakona Hauka 2025

Hildur Aðalsteinsdóttir, skokkhópur
Áróra Eyberg Valdimarsdóttir, karate
Elín Klara Þorkelsdóttir, handbolta

Halla Þórdís Svansdóttir, fótbolta
Þóra Kristín Jónsdóttir, körfubolta

Íþróttamaður Hauka 2025

Sigtryggur Brynjarsson, skokkhópur
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, karate
Aron Rafn Eðvarðsson, handbolta

Daði Snær Ingason, fótbolta
Hugi Hallgrímsson, körfubolta

Þjálfari ársins 2025

Kristján Ó. Davíðsson, karate
Stefán Arnarson og
Díana Guðjónsdóttir, handbolta

Gunnar Magnús Jónsson, fótbolta
Emil Barja, körfubolta



Íþróttakona Hauka 2025
Þóra Kristín Jónsdóttir
Íþróttamaður Hauka 2025
Aron Rafn Eðvarðsson
Þjálfari ársins 2025
Emil Barja

Á viðurkenningarhátíðinni var Melosz Úlfur Olszewski valinn **skákpiltur Hauka 2025** og Katrín Ósk Tómasdóttir valin **skákstúlka Hauka 2025 U12**, auk þess sem þau fengu viðurkenningu frá Hafnarfjarðarbæ ásamt Emilíu Klöru Tómasdóttur U8 en þau stóðu öll uppi sem Íslandsmeistarar í skák í sínum aldursflokkum.

Um 100 einstaklingar sem tóku þátt í verkefnum á vegum sérsambandanna, HSÍ, KSÍ og KKI, fengu viðurkenningu frá félaginu.

Ágætri samkomu lauk með léttum veitingum í boði aðalstjórnar.

I. FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM

KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM

Á undanföllum árum höfum við í ársskýrslu félagsins farið í ítarlegu máli um aðdraganda uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum. Þar er hönnunarferli knatthússins lýst, deiliskipulagsvinnu á svæðinu á undanföllum árum og kröfu um að knatthúsið færi í mat á umhverfisáhrifum. Undirbúningsnefnd og framkvæmdanefnd voru skipaðar og fjármögnun af hálfu Hafnarfjarðarbæjar tryggð. Að loknum góðum og vönduðum undirbúningi var framkvæmdin boðin út og samið var við lægstbjóðanda - ÍAV - um byggingu knatthússins. Samningur við ÍAV var síðan undirritaður þann 29. nóvember 2022. Hér er stiklað á stóru, en þann 14. febrúar 2025 var húsið formlega vígt og tekið í notkun.

Gert er ráð fyrir að ráðist verði í að ljúka innanhússfrágangi í þjónustubyggingu á árinu 2026 sem og kaup á stúkusætum á árinu 2026. Knatthúsið er glæsileg bygging en ljóst er að afar mikilvægt er að stúkusæti verði keypt eigi síðar en á haustmánuðum 2026. Er þar horft til notagildis hússins sem og að koma til móts við áhorfendur í knatthúsi, smáa sem stóra.

GÖNGUSTÍGUR MILLI KEPPNIS- OG ÆFINGAVALLA

Samhliða gerð nýs grasvallar og hliðrun jarðvegs var unnið að tengingu göngustígs við göngustíg við Grísanes. Grísanesstígur er nú upplýstur og malbikaður. Með samtengingu stíganna er sköpuð góð aðstaða fyrir gangandi, hjólandi, og þá sem nota hjólastóla, við stígakerfi bæjarins. Göngustígurinn frá brú að Vallarhúsi var malbikaður í sumarbyrjun 2025 og ljósastaurum hefur verið komið fyrir við stíginn.

UMHVERFISBÆTUR VIÐ ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ OG GIRÐING UMHVERFIS KEPPNISVÖLL

Lengi hefur verið óskað eftir lóðarfrágangi við austurinnangang í Íþróttamiðstöð, en þar utan við er ófrágengið svæði, gljúpur jarðvegur sem hefur valdið vandræðum að vetri og vori þegar rútur flytja skólaborn í íþróttir til okkar að Ásvöllum. Á árinu 2025 var unnið að upptekt á svæðinu, skipt um jarðefni, það sléttað og valtað. Er aðstaða nú orðin allt önnur og betri á svæðinu, en við væntum þess að endanlega verði gengi frá svæðinu á árinu 2026, svæðið malbikað og hellulagt miðað við þær teikningar sem þegar liggja fyrir. Á árunum 2022, 2023, 2025 var unnið við að girða af keppnisvelli félagsins og ganga frá lagningu göngustígs frá Íþróttamiðstöð að vallarsvæði. Er það mikið fagnaðarefni að loksins verður hægt að stýra flæði inn á aðalkeppnisvöll félagsins. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði að fullu lokið á árinu 2026.



VIÐHALDSVERKEFNI, LEKI Í HÚSNÆÐI OG LOFTRÆSTIKERFI

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum. Áfram var unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið viðvarandi vandamál. Nú virðist sem tekist hafi að mestu að koma í veg fyrir leka í húsakynnum og er óskandi að þær lagfæringar sem voru gerðar dugi til frambúðar. Þá var á árinu unnið að endurbótum í búningsklefum, nokkrir þeirra voru málaðir og skipt um loftaklæðningar og sett upp LED ljós í sparnaðarskyni. Þá var á árinu hafist handa við að lagfæra sturtur í búningsklefum en þær hafa verið í ólagi um langt skeið. Loftræstikerfi íþróttamiðstöðvar er yfirfarið með reglulegum hætti. Gert er ráð fyrir að allir steyptir fletir utanhúss verði lagaðir og málaðir á vordögum 2026 en Íþróttamiðstöðin hefur ekki verið máluð frá því hún var tekin í notkun árið 2001.

ENDASTÚKUR Í ÓLAFSSAL OG FRAMLENGING STÚKU Í HANDBOLTASAL

Þegar körfuboltasalurinn, Ólafssalur, var tekinn í notkun árið 2018 var ákveðið að fresta kaupum á endastúkum í sal, tímabundið. Var að því stefnt að kaupa endastúkur að tveimur árum liðnum. Ekki hefur þó enn verið ráðist í kaup á endastúkum, en ósk um kaupin hafa verið endurnýjuð á hverju ári. Er það ósk Hauka að Hafnarfjarðarbær sjái sér fært að kaupa stúkurnar sem fyrst.

Þá liggur fyrir að Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins gerir auknar öryggiskröfur í handboltasal og er horft til þeirrar lausnar að lengja stúku á suðurvegg til að koma til móts við kröfur slökkviliðsins. Væntum við þess að gengið verði í það verkefni á árinu 2026.







ÞAKKIR TIL BÆJARFULLTRÚA, STJÓRNENDA OG STARFSFÓLKS HAFNARFJARÐARBÆJAR
Allt sem hér er upp talið varðandi framkvæmdir á Ásvöllum hefur verið unnið í góðu samstarfi og samvinnu við bæjaryfirvöld. Þar hefur framsýni og vilji til góðra verka verið einkennandi sem birtist í frábærri aðstöðu hér á Ásvöllum. Það er ekki sjálfgefið að bæjarfulltrúar, stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar, rói í sömu átt varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við viljum því af einlægni þakka stjórnendum og starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar fyrir afar ánægjuleg samskipti á árinu 2025.

J. MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tekjur sjóðsins eru frjálsl framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

Stjórn sjóðsins á liðnu starfsári skipuðu: Magnús Gunnarsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson.

Enginn styrkur var veittur á árinu.

K. HAUKAR Í HORNI – STUÐNINGSMENN

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnaður 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglíngastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 500 og greiða þeir mánaðarlegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka — virkja Haukahjartað

Að styðja félagið í blíðu og stríðu

Að halda úti öflugum meistaraflokkum

Að vera leiðandi í öflugu innra starfi

L. ALMENNINGSÍÞRÓTTADEILD – SKOKKHÓPUR

Aðalfundur var haldinn 10. mars 2025. **Í stjórn voru kjörin:** Tryggvi formaður, Elísabet gjaldkeri, Kristján og ný inn voru kosnar María og Halldóra. **Endurskoðandi:** Unnur Míla. Úr stjórninni fóru Álfheiður og Gestur.

Ferðanefnd: María, Díaná og Ragnar.

Nýliðanámskeið var haldið, þátttaka var 10 til 15 manns. Þjálfarar voru Linda, Arna, Hildur og Hreiðar. Tóku þau þátt í ýmsum hlaupum að loknu námskeiðinu.

Eysteinn varð Íslandsmeistari (víðavangshlaup ÍR) og Erla gerði sér lítið fyrir og varð 2 sinnum Íslandsmeistari í víðavangshlaupi ÍR og Ármannshlaupinu.

Hvítasunnuhlaupið var haldið og hlupu um 385 manns í góðu veðri. Gekk það mjög vel og var almenn ánægja meðal þátttakenda. Bestu þakkir til allra sjálfboðaliðanna sem lögðu hönd á plóg og einnig þökkum við styrktaraðilum fyrir stuðninginn.

Hildur varð Íslandsmeistari í Víðavangshlaupi Íslands í haust (hlaup á grasi). Nokkrir Haukafélagar hlupu erlendis á árinu, meðal annars Hildur og Stefán.

Hildur átti mjög gott hlaupaár: Sigræði í Tröllinu 43 km, í Súlum Vertical, varð í 8. sæti í 85 km UTMB hlaupi á Ítalíu og vann fleiri góð afrek.

Stefán tók þátt í South Downs 100 mílu hlaupi og Istria 42 km og átti fleiri góð afrek.

Stefán fékk afhenta grænu húfuna 160 km frá félagi 100 km hlaupara

Tryggvi tók þátt í bakgarðinum í september og hljóp 227,8 km eða 34 hringi. Lenti í 3 sæti.

Félagar okkar tóku þátt í hinum ýmsum hlaupum á árinu: Powerade, FH hlaupið, Mottumarshlaupið, Puffin run, Bakgarðurinn Maí, Akrafjall Ultra, Stjörnuhlaupið, Hafnarfjarðarhlaupið, Esja Ultra, Bláskógahlaupið, Snæfellsjökulshlaupið, Hólmsheiðarhlaupið, Kerlingarfjöll Ultra, Trékyllisheiðin, Adidas Boost, Laugavegurinn, Sútur Vertical, Jökulárhlaupið, Hleðsluhlaupið, Vatnsendahlaupið, Flensborgarhlaupið, Bakgarðurinn Heiðmörk, Víðavangshlaup og örugglega fleirum.



Góð þátttaka var í 5 daga hlaupaferð til Ljubiana en flogið var út með leiguvél á vegum Heimsferða. Hlaupið í heild sinni og brautin voru mjög góð. Margir sigrar unnir og mörg PB sett. Mikil ánægja var með ferðina. Þökkum við ferðanefndinni fyrir skipulagið og undirbúning en í henni eru Maria, Díana og Ragnar.

Félagar tóku þátt í Bleika hlaupinu og styrkti Skokkhópurinn það um 20.000 kr.

Árshátíð var haldin í Haukasalnum í nóvember og þökkum við árshátíðarnefndinni fyrir undirbúninginn. Í henni voru Saara, Svava Dröfn, Petrina, Brynjar, Ásdís og Linda.

Inniæfingar í Kaplakrika hófust í nóvember í samstarfi við Breiðablik. Almenn ánægja er með þær.

Skotthlaup var haldið í desember þar sem félagar buðu upp á veitingar að lokinni æfingu.

Kirkjuhlaupið í samstarfi við Ásvallakirkju fór fram 26. desember. Góð þátttaka var eða um 120 manns, hlaðborð með veitingum ásamt kakó og drykkjum beið hlaupara að loknu hlaupi. Þökkum við félögum fyrir veitingarnar og undirbúninginn.

Búningahlaupið var að vanda á Gamlársdag og flottir búningar litu dagsins ljós og mikið lagt í þá. Skokkhópurinn bauð upp á drykki á Pallett að loknu hlaupi.

Styrkir voru veittir til Skógræktar Hafnarfjarðar 150.000 kr og Hauka 200.000 kr. Áttum við að koma þakklæti til félaga Skokkhóps Hauka fyrir styrkina og kærri kveðju frá Steina í Skógræktinni og Magga formanns í Haukum.

Abler; nýtt skráningarkerfi var tekið í notkun. Búið er að uppfæra félagalistann, þjálfarar eru að setja inn æfingar bæði á Facebook og Abler. En við munum hætta að setja inn æfingar á Facebook (ekki ákveðið hvenær) og félagsgjöldin eigum við að geta innheimt í gegnum Abler.

Umsókn að FRÍ: Erum búin að heyra í FRÍ og umsókn þarf að koma frá Haukum. Við höfum sent erindi til Magga formanns hjá Haukum og er það í ferli (Stebbi og Tryggvi). Erum búnir að fá samþykki frá Haukum og höfum sent inn umsókn til FRÍ og bíðum svars.

Fyrir hönd stjórnar: Sigtryggur Brynjarsson

ÚR ÁRSSKÝRSLU SKOKKHÓPS

M. SKÁK

Aðalviðfangsefni Skákdeildar Hauka er að kenna og þjálfa börn og unglinga. Nú æfa 45 krakkar skák hjá Haukum og hefur uppgangur skákdeildarinnar vakið athygli. Núna eigum við 2 Íslandsmeistara barna og höfum eignast samtals 4 á síðustu 2 árum.

AÐAL ÁSKORANIR DEILDARINNAR ERU ÞRÍJÁR

1. **Húsnæði.** Eins og er þá er Skákdeildin með æfingar í Hvaleyrarskóla þar sem það pláss sem deildin hafði í Haukahúsinu er sprungið vegna fjölda iðkenda.
2. **Fá fólk í stjórn.**
3. **Fá styrktaraðila og fjármögnun.**

HAUKAKRAKKAR STÓÐU SIG MJÖG VEL A SÍÐASTA ÁRI

Árið byrjaði frábærlega þegar stúlknasveit Hvaleyarskóla í 3.–5. bekk urðu Íslandsmeistarar Grunnskólasveita en þær æfa allar hjá Haukum. Á Skólamóti Kragans 2025, utan Kópavogs, kepptu margir Haukakrakkar og stóðu sig vel. Í 1.–4. bekk varð Emilía Klara Tómasdóttir í 2. sæti þrátt fyrir að vera í 2. bekk og eiga tvö ár til góða. Í 4.–7. bekk vann Katrín Ósk Tómasdóttir öruggan sigur og varð 1,5 vinningi fyrir ofan næsta keppanda. Í öðru sæti varð Aron Noah Schulz og í þriðja sæti varð enn einn Haukastrákurinn, Viktor Hrafn Ólafsson. Haukar tóku sem sagt 3 efstu sætin í þessum flokki. Athygli vakti að rúmlega helmingur keppenda í þessum flokki var úr Haukum.



Í efsta flokknum varð svo Tristan Nash Openia efstur með fullt hús stiga og í 2. sæti varð Kristófer Árni Egilsson. Í þessum flokki voru allir nema einn úr Haukum.

Katrín Ósk Tómasdóttir og Tristan Nash Openia unnu sér þar með rétt til að keppa á Landsmótinu í Skólaskák annað árið í röð.

Sveit Hvaleyarskóla í 8.–10. bekk, með Haukakrakka á öllum borðum, gerði sér svo lítið fyrir og varð Íslandsmeistari Grunnskólasveita 2025. Í sveitinni voru þau Tristan Nash Openia, Milosz Úlfur Olszewski, Kristófer Árni Egilsson og Katrín Ósk Tómasdóttir sem var þó aðeins í 5. bekk og Emilía Klara Tómasdóttir úr 2. bekk var varamaður.

Sveitin vann allar sínar viðureignir nema eina sem endaði með jafntefli. Tristan Nash Openia og Kristófer Árni Egilsson unnu allar skákir sínar á mótinu. Með þessum sigri vann sveitin sér inn rétt til að keppa á Norðurlandamóti Grunnskólasveita og einnig Heimsmeistaramóti Grunnskólasveita. Þau Tristan Nash og Katrín Ósk voru valin til að keppa fyrir Íslands hönd á ChessMates mótinu sem fram fór á Englandi.

Haukakrakkar stóðu sig svo vel á Bikarsyrpum Taflfélags Reykjavíkur sem fram fóru á árinu, ýmist unnu eða urðu ofarlega. Katrín Ósk vann t.d. oftar en ekki til stúlknaverðlauna og einnig Emilía Klara.

Skákdeild Hauka hélt í samstarfi við Félagsmistöðvar grunnskólanna tvö vel sótt mót. Annað fyrir Miðstig og svo fyrir Unglingastig. Þær systur Katrín Ósk og Emilía Klara Tómasdætur urðu svo Íslandsmeistarar stúlkna í sínum aldurflokkum (u12 og u8). Milosz Úlfur Olszewski lenti í þriðja sæti í u14. Þær systur fengu viðurkenningu frá Hafnarfjarðarbæ á Viðurkenningarhátíð Hafnifirskra Íþróttamanna í desember. Á Gamlársdag var svo Katrín Ósk Tómasdóttir valin Skákstúlka Hauka 2025 og Milosz Úlfur Olszewski Skákdrengur Hauka.

ÁRIÐ 2026 BYRJADI VEL

Sveit Hvaleyarskóla varð aftur Íslandsmeistari Stúlknasveita og nú í 6.–10. bekk. Tvær af stúlkunum voru þó aðeins úr 6. bekk og tvær úr 3. bekk.

Íslandsmót Kvenna í skák var svo haldið í Hafnarfirði í samvinnu Skáksambandsins og Hauka og fór mótið fram í glæsilegum húsakynnum Siglingaklúbbsins Þytar. Keppt var í 2 flokkum,



Landsliðsflokki og áskorendaflokki. Haukar áttu 1 keppanda í Landsliðsflokki, CM meistararann Jóhönnu Björgu Jóhannsdóttur, sem lenti í 2. sæti. Jóhanna er margreynd landsliðskona og Forseti Skáksambands Íslands og þjálfaði lengi krakkana hjá Haukum. Skáksysturnar Katrín Ósk og Emilía Klara kepptu svo í Áskorendaflokki og varð Katrín Ósk í öðru sæti eftir harða baráttu.

Kiwanisklúbburinn Hraunborg hélt svo tvö Skólaskákámót eins og þeir hafa gert undanfarin ár og hjálpuðu Haukar til við þau mót.

Haldin hafa verið mánaðarleg mót hér í Haukahúsinu frá áramótum sem eru opin öllum og hefur mætingin farið fram úr öllum væntingum. Mótin eru fyrir alla og hafa mætt keppendur frá 6 ára og upp í áttrætt.

Skólaskákámót Kragans og Suðurnesja 2026 fór svo fram í apríl. Nú varð sú breyting á að Kópavogur, sem hefur hingað til verið tekinn frá Kraganum vegna mikills getumunar og fjölda barna þar, var sameinaður Kraganum. Þrír í hverjum flokki unnu sér þá rétt til að taka þátt í Landsmótinu í Skólaskák. 32 krakkar frá Haukum tóku þátt í mótinu og stóðu þau sig öll vel. Sum voru að taka þátt í sínu fyrsta móti. Þess ber að geta að tveir af keppendum Hauka kepptu fyrir skóla í Sandgerði en þeir keyra tvisvar í viku þaðan til að æfa með Haukum.

Keppt var í 3 flokkum. Í 1.–4. bekk vann Haukastrákurinn Nói Ingvaldsson úr Hvaleyrarskóla öruggan sigur og var búinn að vinna fyrir síðustu umferð. Emilía Klara Tómasdóttir varð svo í 3.–4. sæti en endaði í því 4. á stigum. Í 5.–7. bekk varð Katrín Ósk í 2. sæti og og þeir Aron Noah Schulz og Óðinn Darri í 5. og 7. sæti. Í 8.–10. bekk urðu svo Tristan Nash Openia í 2. sæti, Bartosz Baginski í 3. sæti, Jón Elías Óskarsson í 4. sæti og Milosz Úlfur Olszewski í 6. sæti.

Hafnarfjörður/Haukar eiga því 4 fulltrúa á Landsmótinu í Skólaskák 2026 og hefur það eftir því sem best er vitað aldrei gerst áður: Nói Ingvaldsson í 1-4 bekk. Katrín Ósk í 5-7 bekk. Tristan Nash og Bartosz Baginski í 8-10 bekk.

Þetta er yfirferð og skýrsla Skákdeildar Hauka fyrir 2025 og fram að Aðalfundi.

Stjórn Hauka var þannig skipuð síðastliðið starfsár: Formaður Auðbergur Magnússon, varaformaður/ritari Tómas Tandri Jóhannsson, gjaldkeri Ásdís Þórðardóttir, meðstjórnandi Magnús Gunnarsson. Erfitt hefur gengið að fá fleira fólk í stjórn.

Þjálfarar hjá Skákdeild Hauka eru: Gauti Páll Jónsson yfirþjálfari, Alþjóðlegi meistarinn Hilmir Freyr Heimisson, afreksþjálfari, Þorsteinn Jakob Freyr Þorsteinsson og Arnar Ingi Njarðarson.

ÚR ÁRSSKÝRSLU SKÁKDEILDAR

N. KNATTSPYRNUDEILD

Árið 2025 markast af okkar stór magnaða Knatthúsi Hauka! Margs er að minnast frá árinu 2025 í okkar breiða og mikla starfi knattspyrnudeildar Hauka. Tilkoma Knatthúss Hauka er þó allra minnistæðust og gnæfir þar yfir og það í orðins fyllstu merkingu. Ekki á hverju ári sem við fáum slíkt stórkostlegt mannvirki í notkun sem er jafn mikil og gríðarleg lyftistöng fyrir alla okkar knattspyrnustarfsemi á Ásvöllum, algjör bylting fyrir okkar starf! Í dag er hægt að sinna æfingum innandyra og tryggja þar með aukin gæði á æfingum óháð veðri og vindum. Vissulega ætlum við þó aldrei að tapa tengingunni við náttúruna og í sumar fara heimaleikirnir okkar fram á Birtuvellinum, ekkert annað í boði nema veðurguðirnir hamli því. Vera má, en þó vonandi ekki, að við verðum fljót að gleyma og lítum á knattspyrnuaðstöðuna sem of sjálfsgaðan hlut. Þessi framúrskarandi aðstaða er vissulega til staðar og fyrir þessa topp knattspyrnuaðstöðu ber að þakka fyrir með góðri framkvæmd í öllum okkar gjörðum.

Reksturinn á árinu var heldur undir marki en þó óverulega. Og með miklum krafti fyrir og eftir áramót hefur tekist að vinna upp í það gat og skammtíma skuldir engar þegar komið er inn á 2026. Áfram og líkast til ávallt verður rekstur metnaðarfulls íþróttafélags á ystu brún, bara að passa sig að fara ekki yfir efsta eggjaða oddann.

Á árinu hefur okkur ekki aðeins tekist að laða að fleiri iðkendur heldur einnig náð að halda stórkostlega viðburði eins og risastóra bílasýningu og þar með gert okkur sýnileg inn á slíkum

viðburðar mörkuðum ásamt því að halda stór glæsileg fótboldamót sem öll hafa lukkast gríðarlega vel í alla staði. Allt þetta er síðan einstaklega góð kynning fyrir okkar frábæru starfsemi í knattspyrnudeild Hauka. Við skulum, nú sem endranær, vera virkilega stolt af okkar aðstöðu og okkar frábæra Knattþúsi Hauka!

AÐSTAÐAN Á ÁSVÖLLUM

Líkt fyrr segir hefur Knattþús Hauka gjörbylt allri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á Ásvöllum. Samhliða þessu er svo rými í Knattþúsinu fyrir okkar stuðningsfólk og aðstandendur sem geta horft út á Birtuvöllinn. Fer því einkar vel um okkar fólk í því rými Knattþússins sem einnig hefur nýst vel í kringum aðra viðburði. Þá er í farvatninu að klára aðstöðuna og gera klefana í Knattþúsi tilbúna á haustmánuðum og þar með mun knattspyrnudeildin flytjast alfarið yfir í Knattþúsið. Það eina sem þá vantar til að Knattþúsið sé komið í fullkomna notkun er að fá áhorfendabekki í húsið, enda veitir ekki af þar sem nú þegar hefur fyrsta beina útsendingin á ríkisfjölmiðlinum átt sér stað.

Einnig er gaman að segja frá því að erindrekar og velviljaðir menn hafa ráðist í það góða verk að hressa heldur betur upp á Vallarhúsið og gjörbreytt þeirri aðstöðu og lyft henni upp á hærra stöðu.



Einstaklega gaman að sjá hve vel sögunni er gert hátt undir höfði með gömlum myndum og eldri búningum. Er sú aðgerð langt komin og farið að glitna í enn eina topp aðstöðuna á Ásvöllum fyrir okkar einstaka samfélag sem vill félaginu okkar svo vel – Haukar félagið mitt!

BARNA- OG UNGLINGASTARFIÐ

Það gengur vel í barna- og unglingsstarfi knattspyrnudeildar Hauka sem við getum svo sannarlega verið stolt af. Aukning milli vorannar 2025 og vorannar 2026 er vel ríflega 12% sem er þróun sem er í takt við okkar stefnu og aðgerðir, en áfram skal haldið!

Eðlilega rekumst við stundum á og greinir á en við rýnum ávallt til gangs. Samfélagið spyr á sama tíma hvað íþróttaiðkun kostar og um leið gerir það afar miklar kröfur á umgjörð og hæfni og menntun þjálfara. En er bæði haldið og sleppt? Barna- og unglingsstarf knattspyrnudeildar er rekið sem sjálfbær rekstrar- og þjónustueining í okkar góða samfélagi. Inn í þetta blandast svo ákafi samfélagsins um árangur. En hvað er árangur? Getur verið að það sé meðal annarra þátta framfarir, vinskapur, kærleikur og gleði? Ásamt því ætlum við sem samfélag að kenna þrautseigju. Við ætlum og verðum síðan að skilja, að stundum blæs á móti og lífið er ekki alltaf dans á rósum. Það eru nefnilega ekki öll skot sem rata í markið, einhver fara í stöngina út og sum víðs fjarri. En, við ætlum þó aldrei að hætta að skjóta á markið og við ætlum alltaf að halda áfram! Víkjum ekki af leið þó öll úrslit í yngstu flokkunum séu ekki alltaf 14-2 okkur í hag. Með þrautseigjuna í farteskinu sem við náum að miðla til okkar iðkenda tekst okkur að móta andlega sterka einstaklinga sem verða líklegri til að ná frábærum úrslitum, ekki síst síðar í lífinu! Síðan þegar í eldri flokka verður komið getum við farið að leggja meiri áherslu á úrslit.

Þessi krákustígur er vandrataður og krafan frá samfélaginu slík að ef „barnið mitt“, liðið eða flokkurinn nær ekki tilætluðum úrslitum þá mun ég færa barnið mitt annað. Allt þetta höfum við því miður upplifað í okkar starfi en megnið af þeim iðkendum sem hafa farið, snúa til baka og er það einnig reynslan almennt, þvert á félög í landinu. Getur verið að foreldrasamfélagið sé að fara fram úr sér á þessum sviðum og okkur skorti örlitla þrautseigju og festu og gleymum þar með að leiða með góðu fordæmi? Höfum líka í huga að mikil pressa snemma á lífsleiðinni hefur jafnvel síðar á lífsleiðinni birst í kvíða, leiða eða jafnvel í verstu birtingarmyndinni að iðkandinn stígur til hliðar og segir þetta komið gott og hættir. Jafnvel þó að foreldrið óski þess að iðkandinn yrði næsti Messi. Að sumu leyti er það jákvætt að við sem samfélag skilum af okkur það sterkum

einstaklingum að kominn sé andlegur styrkur til að taka eigin ákvarðanir. En, við hljótum alltaf að vilja vera með þannig umgjörð að barnið klári allt barna- og unglingastarfið í kraftmiklu umhverfi þar sem við fögnum mismunandi skoðunum úr samfélaginu og mótum okkar bestu nálgun fyrir gott og uppbyggilegt barna- og unglingastarf. Við í Haukum viljum alltaf gera vel fyrir börn og ungmenni með langtíma markmið að leiðarljósi.

Augljóst má vera að það er okkar skýri vilji í knattspyrnudeild Hauka að hafa sem flesta iðkendur hjá okkur og það sem lengst. Enda sjáum við sem betur fer fleiri og fleiri iðkendur temja sér íþróttir og hreyfingu fyrir lífstíð. Óhætt að segja að það sé árangur, heilbrigð sál í hraustum líkama. Ásamt því að vilja sem flesta iðkendur er það okkar vilji að láta leik og gleði ríkja í yngstu flokkunum en svo hægt að sígandi fara í markvissara starf þegar lengra líður á og svo þegar í 3ja og 2. flokk er komið þá má haga starfinu þannig að okkar iðkendur fái í gegnum starfið, með einum eða öðrum hætti, spurninguna ætla ég að stefna á að verða meistaraflokksleikmaður?

Með okkar góðu gildi, **þrautseigja – liðsheild – hugrekki – gleði**, sem og markmið í starfinu hefur okkur farnast mjög margt í starfi þar sem umgjörðin er rekin áfram af ótrúlega ötulum og ósérhlífnum sjálfboðaliðum. Samhliða þessu fá okkar iðkendur svo umbun annað hvort með því að spila upp fyrir sig um flokk eða verið kallaðir inn á landsliðsæfingar. Umbun sem er vísir og ábending um að vel gangi og við séum á réttri leið í okkar langa langhlaupi. Já við erum öll í stóru langtíma verkefni sem er langhlaup sem kallar á úthald, festu og þrautseigju og ef við gerum okkur grein fyrir því þá sigrum við þetta stóra og krefjandi langtíma verkefni og náum þar með árangri!

Helstu úrslit okkar á árinu má nefna góðan árangur 2. flokks kvenna sem sigraði B-riðil Íslandsmótsins og þá stóð 2. flokkur drengja sig ágætlega einnig í B-riðli strákamegin. Síðan fóru okkur yngstu flokkar á barna-mótin á Akranesi, í Vestmannaeyjum og á Akureyri og voru félaginu til mikillar fyrirmyndir í fótbolta sem öðru tengdu mótinu.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA

Mörg undanfarin ár hefur verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með meistaraflokki kvenna, og var árið 2025 engin undantekning þar á. Liðið lék í deild ofar en árið á undan þ.e. Lengjudeild með tiltölulega svipaðan leikmannahóp og náði meira og minna öllum sínum markmiðum og tryggði sæti sitt í Lengjudeildinni og vel það.

Þegar yfir lauk endaði liðið 7. sæti sem var mjög ásættanleg niðurstaða miðað við spár fyrir mót en okkar lið var eingöngu byggt á íslenskum leikmönnum en ekki rándýrum erlendum leikmönnum sem öll hin liðin bjuggu yfir. Virkilega vel gert hjá okkar stelpum.

Það að byggja upp lið og sterka liðsheild krefst margra þátta og ekki síst skilnings og þroska leikmanna sjálfra þar sem hagar og markmið liðsins er sett ofar en persónuleg markmið. Okkar stelpur hafa verið þess megnugar að ná að móta gott lið sem er ekki síst mjög stór þáttur í velgengni liðsins undanfarin ár. Síðan er að halda áfram að byggja ofan á það góða starf og byggja liðið frekar upp. Það getur verið nokkur þraut, en það hefur sýnt sig að of hröð uppbygging hefur oftast en ekki leitt af sér of veikar stoðir og lið með veikum stoðum sem hafa síðan fallið úr efstu deild hafa farið í algjört hengiflug og endað í neðstu deild, eru þar vinir okkar í Fylki og Aftureldingu því miður skýr dæmi. Á hinn bóginn hafa lið sem hafa verið byggð upp af festu og skynsemi fest sig í sessi í efstu deild og dæmi um slíkt eru röndóttu Reykjavíkurlíðin Víkingur og Þróttur flott dæmi. Við viljum byggja upp af festu, skref fyrir skref, með langtíma sjónarmið í huga en ekki eins sumar gaman – Við erum á réttri leið, við erum á uppleið en höfum hugfast að þolinmæði er dyggð!





MEISTARAFLOKKUR KARLA

Þrátt fyrir fögur fyrirheit og bjartsýni okkar allra í byrjun móts tókst karlaliðinu okkar ekki að ná sínum markmiðum með að fara upp um deild og enduðu enn og aftur á svo til sama stað og fyrri ár eða um miðja deild. Hrein og klár vonbrigði, sumarið hjá þeim. Vissulega áttum við góða möguleika á köflum en virtumst gera allt sem í okkar valdi stóð til að fara út úr þeim möguleikum og jafnvel þegar landið fór að rísa á ný þá fataðist okkur flugið á ný. Góðu fréttirnar eru þær að tímabilið er að baki og við erum reynslunni ríkari sem verður okkur sem kraftmikið fóður fyrir komandi tímabil.

Nýtt þjálfarateymi er tekið við sem fer af stað af miklum krafti undir forystu Guðjóns Péturs Lýðssonar með góðri aðstoð Pablo Punyet,

Óskars Arnar Haukssonar og Daða Lárussonar. Um leið og við óskum nýju þjálfarateymi alls hins besta í sumar og heitum góðum stuðningi þá þökkum við þeim Ian David Jeffs, Dusan Ivkovic og Stefáni Loga Magnússyni fyrir þeirra góða framlag til Hauka. Samhliða breytingum á þjálfarateyminu hafa eðlilega átt sér stað nokkrar breytingar á leikmannahópnum og við teljum okkur fara inn í Íslandsmótið með sterkara lið en áður og mætum fullir af bjartsýni þegar blásið verður til leiks. Okkar markmið þarf ekkert að fela, við ætlum okkur að fara upp úr 2. deildinni í sumar – Áfram Haukar!

SAMANTEKIÐ 2025

Starfið 2025 var klárlega mjög gott ár þó vissulega hafi boltinn ekki alltaf ratað rétta leið, stundum er það nefnilega stöngin inn og stundum stöngin út. Eitt er þó morgunljóst að við höldum áfram að byggja upp frá árinu 2024 og við getum klárlega haldið áfram að byggja ofan á 2025 núna þegar við erum komin inn á árið 2026. Við ætlum að halda áfram að byggja upp okkar góða starf á Ásvöllum og höfum núna til þess alla burði og ekki síst með okkar framúrskarandi knattspyrnuaðstöðu með tilkomu okkar frábæra mannvirkis sem Knattús Hauka svo sannarlega er – Við leyfum okkur að vera stolt af okkar frábæra starfi og getum svo sannarlega verið bjartsýn þegar við horfum til keppnistímabilsins 2026 og leyfum okkur að þenja út kassann og svo hrópa áfram Haukar!

Haukar félagið mitt: Þrautsegja – Liðsheild – Hugrekki – Gleði

ÁFRAM HAUKAR

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR

O. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Samvinna allra innan deildarinnar var í fyrirrúmi á síðasta ári þar sem allir lögðu sitt af mörkum og árangurinn lét ekki á sér standa. Það þarf þó að hafa fyrir hlutunum og hafa sjálfbodaliðar haft mikið að gera og verið álag á þeim í fjáröflunum og ýmsum öðrum verkum svo að allt nái að ganga upp. Það er ávallt rými fyrir fleiri sem vilja taka þátt í starfinu og tókum við með ánægju á móti öllum sem vilja leggja hönd á plóg.

ÍSLANDSMEISTARAR 2025

Síðasta tímabil var gjöfult fyrir okkur í körfunni en þá stóðu stelpurnar okkar í meistaraflokki uppi sem bæði Deildarmeistarar og svo Íslandsmeistarar eftir frábæran úrslitaleik með flottustu umgjörð sem sést hefur Ólafssal. Liðið hafði spilað mjög vel allan veturinn með Emil Barja sem þjálfara





og Viktor M. Alexandersson sem aðstoðarþjálfara. Liðið samanstóð af sterkum íslenskum kjarna sem myndaði frábæra liðsheild ásamt tveimur framúrskarandi erlendum leikmönnum, þeim Lore Devos og Diamond Battles.

Stefnan er að sjálfsgöðu að endurtaka leikinn 2026 hjá stelpunum og gera allt til að komast í þá aðstöðu að vinna allt sem er í boði. Flestir leikmenn héldu áfram en endursamið var við fjóra lykilleikmenn sem allar léku stórt hlutverk í að vinna titlana 2025 og er frábært að hafa þessa leikmenn áfram hjá félaginu. Leikmennirnir sem um ræðir eru Rósa Björk Pétursdóttir, Þóra Kristín Jónsdóttir, Tinna Guðrún Alexandersdóttir og Sigrún Björg Ólafsdóttir en þrjár síðastnefndu eru allar leikmenn A-landsliðs Íslands. Þóra Kristín var valin besti leikmaður tímabilsins í Bónus deild kvenna 2024–25 og besti leikmaður úrslitakeppninnar 2025 og að auki var Þóra einnig valin íþróttakona Hafnarfjarðar 2025. Frábær árangur hjá einstakri íþróttakonu sem er mikilvæg fyrirmynd fyrir körfuna í Haukum. Tinna Guðrún var valin í úrvalsið ársins í Bónus deildinni og Emil Barja þjálfari ársins, hreint út sagt einstakur árangur hjá okkur í körfunni.

BARÁTTA UM SÆTI Í EFSTU DEILD

Karlaliðið féll úr Bónusdeildinni þetta ár eftir bröðóttingi, rót í leikmannamálum og þjálfaraskipti á miðju tímabili. Eftir tímabilið var Hilmir Arnarson valinn besti ungi leikmaðurinn í Bónus deild 2025 sem er mjög góður árangur og hvatning fyrir unga leikmenn hjá Haukum.

Í maí 2025 var Pétur Ingvarsson ráðinn þjálfari meistaraflokks með það að markmiði að hefja uppbyggingu og komast upp í deild þeirra bestu. Með ráðningu Péturs er verið að hefja vegferð sem snýst um að búa til íslenskan kjarna af Haukastrákum til að byggja á til framtíðar. Það er stefna okkar í stjórn að bæði afreksliðin okkar séu skipuð íslenskum leikmönnum með Haukahjarta. Leikmenn sem eru uppaldir hjá félaginu og/eða hafa leikið með yngri flokkum félagsins til lengri eða skemmri tíma. Markmiðið með þessa stráka er að reyna á þá í aðstæðum þar sem þeir eflast og þroskast sem leikmenn. Það þýðir að gefa þeim tækifæri á vellinum í krefjandi aðstæðum þar sem þeir takast á við erfiðleika og hindranir. Þeir þurfa því að taka ábyrgð á vellinum sem lið og verða betri í íþróttinni og þroskast sem leikmenn. Pétur hefur því það verkefni að efla leikmenn og auka sjálfstraust þeirra og taka liðið á næsta stig og keppa á meðal þeirra bestu. Hingað til lofar þetta góðu og er tilefni til bjartsýni en það tekur tíma að búa til sterka liðsheild sem getur stigið upp þegar á reynir og eflist við mótlæti. Það var gleðilegt að ná að endursemjja við þá tvíbura Huga og Hilmi Hallgríms og líka við Alex Rafn Guðlaugson, Yngva Frey Óskarsson og Breka Gylfason sem komu allir nýir inn en eru fyrrum leikmenn Hauka. Þá komu þeir Kristófer Breki Björgvinsson, sem er að jafna sig á erfiðum meiðslum, og Frosti Valgarðsson aftur til liðsins.

BARNA OG UNGLINGASTARF

Barna- og unglingsstarf félagsins hefur gengið mjög vel og er stór og öflugur hópur iðkenda hjá félaginu. Það er mikill áhugi á körfubolta hér í Hafnarfirði en um 400 iðkendur eru nú skráðir til leiks og hafa ekki verið fleiri. Þjálfarateymið er öflugt sem sér um skipulag æfinga og keppnisferða, samskipti við foreldra og önnur verkefna sem til falla. Barna- og unglingsráð (BUR) er mjög virkt og hefur verið mikill kraftur í starfinu hjá þeim þar sem áhugasamir einstaklingar leggja sitt af mörkum. Nýr starfsmaður, Gunnar Sverrisson, var ráðinn á skrifstofu sumarið 2025 til að styðja við starfsemi BUR sem hefur skilað sér í aukinni ánægju meðal hagaðila eins og foreldra, þjálfara og iðkenda sem er eitt af keppikeflum BUR.

Á síðasta ári varð 12. flokkur félagsins Íslandsmeistari ásamt stelpunum í mb. 11 ára sem er fyrsti titill félagsins í þessum aldursflokkum og þá varð 10. flokkur kvenna bikarmeistari.

Special Olympics starfið er orðið sýnilegra í samfélaginu og ljóst að þessi mikilvæga uppbygging hefur skilað miklum árangri. Starfið hefur skapað öflugan vettvang fyrir iðkendur með ólíkar þarfir og haft jákvæð áhrif bæði á þátttakendur og nærumhverfi félagsins. Special Olympics hópurinn er alltaf að stækka og eldri hópurinn fékk loks pláss í Ólafssal sem breytir miklu fyrir þau og þjálfarana en um 30 krakkar hafa verið að mæta í eldri hópinum og um 20 í yngri. Hópurinn tekur þátt í bæði



opnum mótum í minnibolta en einnig að halda sín eigin mót og þar er unnið frábært undir stjórn Báru Fanneyjar og öflugs þjálfarateymis.

AÐSTÖÐUMÁL

Stöðug aukning hefur verið í barna- og unglिंगastarfinu hjá félaginu undanfarin ár. Hinn fallegi Ólafssalur er því heldur betur þétt setinn og hefur starfsemi körfunnar einfaldlega sprengt af sér núverandi aðstöðu og þörfin fyrir nýtt æfingahúsnæði er orðin mjög aðkallandi. Meistaraflokkar félagsins líða jafnframt fyrir takmarkaða aðstöðu og hafa einungis aðgang að heilum sal tvisvar í viku. Reglulega falla æfingar niður vegna leikja og/eða fjölliðamóta, sem hefur veruleg áhrif á æfingagæði, sérstaklega hjá eldri flokkum.

FORMANSSKIPTI

Á aðalfundi í mars steig Kristinn Jónasson til hliðar sem formaður deildarinnar en hann hafði gegnt því starfi í eitt ár. Þakkar félagið honum fyrir sitt framlag til félagsins. Nýr formaður körfuknattleiksdeildar Hauka er Brynjar Þór Þorsteinson. Körfuknattleiksdeildin vill þakka stjórnarfólki, leikmönnum, þjálfurum, sjálfboðaliðum, samstarfsaðilum og öðrum velunnurum fyrir þeirra þátt í öflug og góðu starfi deildarinnar.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

P. HANDKNATTLEIKSDEILD

Starfið í handboltanum hefur verið viðburðaríkt og kraftmikið á starfsárinu. Æfingar og keppni hjá yngri flokkum gengu vel og héldu áfram að vera burðarás í starfi deildarinnar. Fjölmargir viðburðir voru haldnir yfir veturinn og tókst framkvæmd þeirra afar vel, þar á meðal glæsileg bikarúrslit, landsleikir og öflug mót í yngri flokkum sem drógu að sér mikinn fjölda iðkenda, foreldra og stuðningsfólks.

Árið hefur verið einstaklega viðburðaríkt. Þorrablót Hafnarfjarðar tókst með eindæmum vel og hélt áfram að vera einn stærsti og glæsilegasti samfélagsviðburður bæjarins. Steikarkvöld handknattleiksdeildar var endurvakið sem vakti mikla lukku og komust færri að en vildu.

Úrslitahelgi bikarkeppninnar var svo haldin á Ásvöllum og slógum við upp heljarinnar handboltaskemmtun fyrir áhorfendur í Ólafssal á úrslitadeginum. Þar var tekið eftir faglegri framkvæmd, frábærri stemningu og ómetanlegu framlagi sjálfboðaliða sem lögðu á sig ótal vinnustundir til að gera helgina eftirminnilega.



MEISTARAFLOKKUR KVENNA

Stelpurnar hófu tímabilið á erfiðu verkefni þegar þær mættu sterku liði Malaga frá Spáni í Evrópukeppninni. Þrátt fyrir góðan undirbúning reyndist mótherjinn of kröftugur að þessu sinni.

Í bikarkeppninni sýndu þær hins vegar frábæran karakter og baráttu. Þær komust alla leið í úrslitaleikinn í Kuehne+Nagel höllinni á Ásvöllum og leiddu stóran hluta leiksins gegn Val. Úrslitin féllu naumlega með Val eftir dramatískar lokamínútur, en frammistaða liðsins vakti verðskuldaða athygli og virðingu.

Í deildarkeppninni sitja stelpurnar nú í 3. sæti. Þær geta ekki náð hærra í töflunni en þurfa að halda vel á spöðunum þar sem ÍR og Fram eru skammt undan og narta í hælana á þeim. Undirbúningur fyrir úrslitakeppnina er í fullum gangi og liðið sýnir mikinn metnað og samheldni.

MEISTARAFLOKKUR KARLA

Hjá körlunum urðu þjálfaraskipti í upphafi tímabils og hafa Gunnar Magnússon og Bjarni Gunnar Bjarnason tekið við af miklum krafti. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og mikil ánægja ríkir með framlag þeirra og vinnubrögð.

Strákarnir unnu svo stórkostlegan sigur í bikarkeppninni og urðu bikarmeistarar fyrir troðfullu húsi í Kuehne+Nagel höllinni á Ásvöllum. Stemningin var rafmögnuð og sigurinn mikilvægur fyrir félagið.

Í deildinni eru þeir sem stendur einnig í 3. sæti og eiga enn tölfræðilega möguleika á að klifra ofar. Liðið hefur sýnt mikinn stöðugleika, baráttu og skýr merki um áframhaldandi framfarir.

YNGRI FLOKKA STARF—STÖÐUGUR VÖXTUR OG METNAÐUR

Starfið í yngri flokkum heldur áfram að dafna. Þátttaka er góð, áhugi mikill og foreldrasamstarf hefur styrkst. Mót vetrarins hafa verið vel sótt og skapað jákvæða umgjörð á heimavelli fyrir iðkendur félagsins.

Kennsluskrá deildarinnar hefur verið í stöðugri þróun og vinna við uppfærslu hennar heldur áfram með það að markmiði að efla gæði þjálfunar og samræma vinnubrögð milli flokka.

FRAMUNDAN—MARKMIÐ OG ÁSKORANIR

Markmið okkar eru skýr:

- að efla starfið á öllum sviðum,
- að fjölga iðkendum og styrkja grunninn,
- að laða að fleiri sjálfbóðaliða og styðja betur við þá sem þegar leggja sitt af mörkum,
- að halda áfram að byggja upp sterka félagslega umgjörð sem nær jafnt til yngri sem eldri.

Við erum afar þakklát þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa staðið vaktina á árinu. Þeirra framlag er ómetanlegt og án þess væri ekki hægt að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni.

Rekstur ársins í heild gekk vel og tókst að halda þokkalega góðu jafnvægi milli tekna og gjalda. Stjórn deildarinnar leggur áfram áherslu á ábyrga fjármálastjórn, gagnsæi og langtímahugsun. Mikilvægt er að tryggja stöðugan tekjugrunn, fjölga styrktaraðilum og efla sjálfbóðaliðastarf til að mæta vaxandi verkefnum og halda áfram að byggja upp sterka og sjálfbæra starfsemi.

Þá skiluðu bikarmeistaratitill karla og bikarárangur kvenna auknum sýnileika og jákvæðum áhrifum á samstarfsaðila og samfélagsstuðning.

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Q. KARATEDEILD

Árið 2025 var gott ár hjá Karatedeild Hauka og iðkendum hennar. Deildin eignaðist tvo nýja svartbeltinga, Björn Vigfús Methúsalemsson og Daniel Schuldeis. Þá fékk Guðbjartur Ísak Ásgeirsson 3. Dan. Óskum við þeim hjartanlega til hamingju með þennan frábæra árangur.



Í haust fór hópur iðkenda frá okkur í æfingabúðir til Japan og þar tók Guðbjartur Ísak gráðuna. Mikil ánægja var með ferðina hjá þeim sem fóru og hefur sú þekking sem fékkst þar nú þegar nýst vel í þjálfun hjá okkur.

Helstu áskoranir sem deildin stendur frammi fyrir núna er sú að engin verslun á landinu selur Karatevörur á sanngjörnu verði! Höfum við verið að aðstoða iðkendur okkar með að panta galla og aðrar vörur að utan.

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölgar þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur haldist nokkuð jafn milli ára og vonum við að með bættri aðstöðu, menntun og reynslu þjálfara okkar muni enn bætast við hópin. Við höfum haldið áfram að bæta við búnað deildarinnar til að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður/íþróttastjóri deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er yfirþjálfari deildarinnar og varaformaður. Aðrir stjórnarmenn eru Ana-Maria Brasoveanu og Eva Ósk Gunnarsdóttir, Matthías og Björn Vigfús Methúsalemsson, varamenn eru Eugen Schuldeis og Hjördís Helga Ægisdóttir.

Karatemaður Hauka árið 2025 var Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Karatekona Hauka var Áróra Eyberg Valdimarsdóttir og Karateþjálfari ársins var Kristján Ó. Davíðsson.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

R. GOLF

Haukamótið í golfi fór fram í 35. skipti föstudaginn 27. september sl. Að þessu sinni fór mótið fram helst til seint í árinu. Er það að mati okkar sem stóðum að mótinu að það hafi verið ein helsta ástæða þess að þátttaka var ekki sem skyldi, en 78 keppendur mættu til leiks. Veður var þó með ágætum, lygnt og fór hitinn í 9 gráður og vallarskilyrði með besta móti en þó voru nokkrar sandgryfjur úr leik vegna lagfæringa.

HAUKAMÓTIÐ Í GOLFI 2025 – ÚRSLIT

Haukabikarinn í högguleik án forgjafar kom að þessu sinni í hlut Friðleifs Kr. Friðleifssonar sem lék á pari vallarins eða 72 höggum. Annar var Arnór Bjarki Ívarsson á 74 höggum og í þriðja sæti var Haukar Jónsson á 76 höggum. **Rauða jakkann** og fyrsta sæti í punktakeppninni kom í hlut Guðjóns Péturs Lýðssonar á 44 punktum. Annað sæti hlaut Anton Magnússon á 43 punktum og í þriðja sæti var Björn Þorfinnsson á 43 punktum. **Guli boltinn** kom í hlut Sturlu Jónssonar á 40 punktum, annar varð Ingvar Kristinsson á 38 punktum og þriðji Guðmundur Valur Sigurðsson á 38 punktum. **FK verðlaunin:** Fyrsta sætið kom í hlut Ólafar Baldursdóttur á 37 punktum. Í öðru sæti var Erla Eiríksdóttir á 36 punktum og síðan Thelma Árnadóttir á 34 punktum.

Næstir holu urðu eftirtaldir spilarar: **4. hola:** Örn Árnason, **6. hola:** Hafdís Hafberg, **12. hola:** Páll Poulsen og **17. hola:** Gísli Sigurbergsson.

Haukamótið í golfi þakkar Golfklúbbnum Keili, starfsmönnum klúbbsins og starfsfólki í veitingasölu fyrir samstarfið. Keppendum öllum fyrir þeirra þátttöku og stuðning, enda er tilgangur Haukamótsins í golfi m.a. að afla fjár til að styðja félagið okkar, Knattspyrnufélagið Hauka, til góðra verka á Ásvöllum.

Verðlaunaafhending fór fram að móti loknu í golfskálanum og þeir keppendur sem voru viðstaddir mótsslit, voru dregnir úr „skorkortum“ og var þar um að ræða fjölda glæsilegra vinninga. Þetta árið voru alls 42 fyrirtæki sem gáfu okkur vinninga í mótið og eiga þau þakkir skildar. Golfmót Hauka 2025 tókst mjög vel en veður var með eindæmum gott á Hvaleyrinni miðað við árstíma.

S. VEIÐI

Tvö öflug veiðifélög hafa starfað innan vébanda Hauka um áratugaskeið, **Haukar á Stöng** og **Mokveiðideildin**. Í Haukum á Stöng er aðgangur bundinn við fyrrum formenn félags og deilda. Margir valinkunnir veiðimenn hafa haldið merki félagsins á lofti og farið víða um land og lönd til veiða. Nokkrir þeirra eru komnir á aðrar veiðilendur en þeir sem eftir eru halda uppi heiðri Hauka á Stöng af mikilli trúfestu. Mokveiðideildin er borin uppi af stuðningsmannaliði handknattleiksdeilar Hauka og stundar einkum veiðar í Vatnsdalnum og næsta nágrenni.

T. GETRAUNALEIKUR

Líkt og fyrri ár er sterkur og góður kjarni getraunasnillinga sem hittist á laugardagsmorgnum. Þeir spá í spilin, svelgja í sig kaffi og kruðeríi, sannfærðir á þessum tímapunkti að þeir séu í vinningsliði



dagsins. Þá skemmir það ekki ánægjuna ef einn og einn vinningur rekur á fjörur. Allir eru velkomnir á þessar hressilegu stemningsstundir.

U. REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF

Rekstrarfélag Hauka ehf. er að fullu í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka. Tilgangur félagsins er m.a. að halda utan um rekstur meistaraflokka félagsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. maí 2025.

Stjórn félagsins skipa: Andri Már Ólafsson, formaður, Guðborg Halldórsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Brynjar Viggósson og Bragi Hinrik Magnússon.

Varamenn: Ingi Björn Jónsson, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.

V. ÍPRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR – ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmunum aðildarféлага að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsherslum sem ÍBH og aðildarfélag bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra féлага sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir

og sterkari liðsheild sem vinnur samstiga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.



Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfingar- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

ÍBH FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ 2024-2027

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð / íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið / íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár frá veitingu nafnbótarinnar á árinu 2024.





X. LOKAORÐ – FÉLAGIÐ OKKAR

Árið 2025 verður lengi í minnum haft sem mikið uppbyggingar- og vaxtaár í sögu félagsins. Langþráðu markmiði var náð þegar nýtt og glæsilegt Knattþús var tekið í notkun og formlega vígt þann 14. febrúar 2025. Vart er hægt að hugsa sér betri aðstöðu en þá sem nú er til staðar á Ásvöllum. Knattþúsið er upphitað, þar er hátt til lofts og vítt til veggja, sem þýðir að við getum boðið náttúruöflunum byrginn af fullum krafti.

Samhliða þessari glæsilegu aðstöðu hafa umsvif félagsins vaxið umtalsvert. Rekstrartekjur samstæðu Knattspyrnufélagsins fóru yfir einn milljarð og námu 1.162,8 milljónum króna á árinu 2025. Aukin umsvif kalla á aukna ábyrgð, en þrátt fyrir þennan hraða vöxt er reksturinn í góðu jafnvægi. Rekstrarfélag Hauka skilaði jákvæðri afkomu fyrir fjármagnsliði á liðnu ári, sem þakka má aukinni sölu á vörum og þjónustu ásamt öflugum styrkjum og stuðningi fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Áframhaldandi áhersla verður lögð á ábyrga og sjálfbæra fjármálastjórn til að styðja sem best við hlutverk og viðgang félagsins.

Auk byggingar Knattþússins hefur verið unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum. Við vinnum áfram að fegra og snyrta íþróttasvæði félagsins og höfum á undanförunum árum farið í mikilvægar umhverfisbætur í nærumhverfinu.

Íþróttamiðstöðin á Ásvöllum stendur á fallegum stað í jaðri Ástjarnar, þaðan sem náttúran teygir sig að Ásfjalli og áfram upp í efra upplandið. Okkur er annt um nærumhverfið og lífríki Ástjarnar og berum djúpa virðingu fyrir jafnt mönnum sem málleysingjum sem njóta þar útivistar. Útivistarsvæðið og hin ört stækkandi íbúðabyggð á Völlum, Skarðshlíð og í Hamranesi, auk byggðar í Áslandi, Hvömmum og á Hvaleyrarholti, ramma inn hið glæsilega íþróttasvæði Hauka.

Á hverjum degi sækja hundruð nemenda úr grunnskólum þessara hverfa íþróttakennslu í Íþróttamiðstöðina og síðdegis taka við æfingar og keppni í þeim fjölmörgu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Ásvöllum. Þar tekur við hið öfluga barna- og unglingsstarf okkar, sem er og verður hjarta félagsins. Það er á þeim grunni sem framtíðin okkar er mótuð af færni og kærleika.

Þegar lokaorð þessarar ársskýrslu eru rituð er sérstakt ánægjuefni að minnast á frábæran árangur afreksfólksins okkar á liðnum vikum og mánuðum. Stúlkurnar okkar í meistaraflokki í körfuknattleik urðu nýverið deildarmeistarar og framundan er úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn gegn Njarðvík. Þá tryggði karlalið okkar í handbolta sér hinn eftirsóttu bikarmeistaratitil á dögnum, og meistaraflokkur kvenna lék sömuleiðis til úrslita í sömu keppni. Á sama tíma heldur öflug uppbygging meistaraflokks kvenna í knattspyrnu áfram af krafti og bjartir tímar eru hjá meistaraflokki karla í knattspyrnu. Við getum því sannarlega fagnað framúrskarandi árangri bæði kvenna- og karlaliða okkar þvert á greinar. Sama má segja um aðrar íþróttagreinar innan félagsins, allir róa í rétta átt og árangur er góður.

Starfsfólk okkar, stjórnarfolk og aðrir sjálfbodaliðar standa vaktina af alúð og taka virkan þátt í leik og starfi. Við búum einnig að öflugum foreldrastarfi; bakhjörnlunum, sem keyra, baka, mæta á hliðarlínuna og hvetja iðkendur til dáða.

Þá færi ég starfsmönnum og stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar einlæg þakkir fyrir góðan stuðning við félagið á umliðnum árum.

Mér er það því ljúft og skylt að þakka öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf í þágu Knattspyrnufélagsins Hauka. Með ykkar öflugum stuðningi komumst við langt og getum haldið á lofti því merka starfi sem fram fer undir merkjum Knattspyrnufélagsins..

ÁFRAM HAUKAR

— Magnús Gunnarsson, formaður —

FYLGISKJÖL:

1. Ársreikningur Aðalstjórnar Hauka 2025
2. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2025
3. Knattspyrnufélagið Haukar — Samstæðuársreikningur 2025



... alltaf gleði ... alltaf stemning!





FYLGISKJAL I
ÁRSREIKNINGUR
AÐALSTJÓRNAR HAUKA
2025

Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur Knattspyrnufélagsins námu 883,4 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 317,9 millj. kr. milli ára eða um 56,2%. Tap Knattspyrnufélagsins á árinu 2025 nam 5,2 millj. kr. (2024: tap kr 7,2 millj. kr.). Hækkun rekstrartekna á árinu skýrist að verulegu leyti af hækkun reiknaðrar innri húsaleigu. Á árinu var tekið í notkun nýtt húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem félagið nýtir, og hefur það áhrif til hækkunar bæði á tekjum og gjöldum.

Eigið fé Knattspyrnufélagsins í árslok nam 321,4 millj. kr. (2024: 326,6 millj. kr.) Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2025 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2025 ásamt sjóðstreymisýfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 4. maí 2026

(rafræn undirritun)

Stjórn

Magnús Gunnarsson

Kristján Ó. Davíðsson

Andri Már Ólafsson

Halldór Jón Garðarsson

Guðborg Halldórsdóttir

Ingimar Haraldsson

Valgerður Sigurðardóttir

Elva Guðmundsdóttir

Brynjar Þór Þorsteinsson

Brynjar Örn Steingrímsson

Eiríkur Svanur Sigfússon

Oddný Sófusdóttir



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árseikning þennan fyrir Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2025 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjorsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði, að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2025, efnahag hinn 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé árið 2025, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 4. maí 2026

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.
(rafræn undirritun)

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2025 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 4. maí 2026
(rafræn undirritun)

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
REKSTRARTEKJUR:		
Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar	229.566.634	185.106.452
Framlög og styrkir	20.841.659	19.736.681
Æfingargjöld	157.148.558	141.240.485
Aðrar tekjur	22.460.894	14.809.134
Reiknuð húsaleiga	453.443.467	204.591.553
Rekstrartekjur alls	883.461.212	565.484.305
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	3. 183.638.988	145.558.151
Mótahald, viðburðir	5.340.231	6.818.903
Verktakar	121.397.240	100.206.614
Framlög til reksturs húss og deilda	85.000.000	83.000.000
Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða	20.245.404	12.100.341
Stjórnun, umsýsla, skrifstofukostnaður	8.269.851	8.962.149
Reiknuð húsaleiga	453.443.467	204.591.553
Rekstrargjöld alls	877.335.181	561.237.711
Afskriftir	4. 9.720.000	9.720.000
Rekstrarafkoma (tap) án fjármagnsliða	(3.593.969)	(5.473.406)
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	1.040.830	976.962
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(2.650.432)	(2.780.142)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	(1.609.602)	(1.803.180)
	(5.203.571)	(7.276.586)
REKSTRARAFKOMA (TAP) ARSINS	(5.203.571)	(7.276.586)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

		2025	2024
FASTAFJÁRMUNUR:			
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:			
Ásvellir	4.	294.840.000	304.560.000
Fasteignir alls		<u>294.840.000</u>	<u>304.560.000</u>
AHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:			
Eignarhlutir í félögum	5.	1.500.000	1.500.000
Eignarhlutir samtals		<u>1.500.000</u>	<u>1.500.000</u>
Fastafjármunir alls		<u>296.340.000</u>	<u>306.060.000</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Krafa á dótturfélag, Rekstrarfélag Hauka ehf		34.443.075	24.241.702
Skammtíma kröfur	6.	3.345.832	4.977.226
Handbært fé		39.265.850	40.330.468
Veltufjármunir alls		<u>77.054.757</u>	<u>69.549.396</u>
Eignir alls		<u><u>373.394.757</u></u>	<u><u>375.609.396</u></u>

Eigið fé og skuldir

		2025	2024
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		326.688.258	333.964.844
Hagnaður (tap) ársins		(5.203.571)	(7.276.586)
Eigið fé alls	7.	<u>321.484.687</u>	<u>326.688.258</u>
LANGTÍMA SKULDIR:			
Langtíma lán	8.	13.156.603	16.037.406
Langtímaskuldir alls		<u>13.156.603</u>	<u>16.037.406</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	9.	16.769.888	14.179.309
Næsta árs afborgun langtímalána		3.785.056	3.999.186
Ógreitt vegna starfsfólks		18.198.523	14.705.237
Skammtímaskuldir alls		<u>38.753.467</u>	<u>32.883.732</u>
Skuldir alls		<u>51.910.070</u>	<u>48.921.138</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>373.394.757</u></u>	<u><u>375.609.396</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

Rekstrarhreyfingar	2025	2024
Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi	(5.203.571)	(7.276.586)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir	3. 9.720.000	9.720.000
Verðbreyting lána	385.056	599.186
Veltufé (til) frá rekstri	<u>4.901.485</u>	<u>3.042.600</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(8.569.979)	10.183.690
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	6.083.865	2.331.510
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>(2.486.114)</u>	<u>12.515.200</u>
 Handbært fé (til) frá rekstri	 <u>2.415.371</u>	 <u>15.557.800</u>
 Fjármögnunarhreyfingar:		
 Afborgun lána	 (3.479.989)	 (3.380.066)
	<u>(3.479.989)</u>	<u>(3.380.066)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	 (1.064.618)	 12.177.734
Handbært fé í ársbyrjun	40.330.468	28.152.734
Handbært fé í lok ársins	<u><u>39.265.850</u></u>	<u><u>40.330.468</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinar og glæða áhuga almennings á gildi íþróttar. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráregnum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



3. Laun og launatengd gjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	149.991.630	118.293.652
Lífeyrissjóður	18.699.366	14.913.520
Bífreidarstyrkur	1.088.304	1.405.982
Launatengd gjöld	13.859.688	10.944.997
	<u>183.638.988</u>	<u>145.558.151</u>

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 20 á árinu (2025: 20).

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<u>Fasteignir</u>
Kostnaðarverð 01.01.2025	324.000.000
Afskrifað áður	(19.440.000)
Afskrifað á árinu	(9.720.000)
Heildarverð 31.12.2025	<u>294.840.000</u>
Afskriftarprósenta	3%
Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749	236.900.000

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 524,6 milljónir í árslok 2025.

5. Eignarhlutir í félögum

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Rekstrarfélag Hauka ehf.	100%	<u>500.000</u>	<u>1.500.000</u>
		500.000	1.500.000

6. Skammtímafröfur

Viðskiptakröfur	3.345.832
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0
	<u>3.345.832</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

7. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2025	326.688.258	326.688.258
Hagnaður (tap) ársins	(5.203.571)	(5.203.571)
Eigið fé 31. desember 2025	<u>321.484.687</u>	<u>321.484.687</u>



8. Langtímaskuldir	<u>31.12.2025</u>
Landsbanki Íslands	16.941.659
Næsta árs afborganir	(3.785.056)
	<u>13.156.603</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Árið 2026	3.785.056
Árið 2027	3.400.000
Árið 2028	3.400.000
Árið 2029	2.037.420
Afborganir síðar	4.319.183
	<u>16.941.659</u>
9. Viðskiptaskuldir	
Innlendar viðskiptaskuldir	16.769.888
	<u>16.769.888</u>





FYLGISKJAL 2
ÁRSREIKNINGUR
REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF
2025



Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur.

Rekstrartekjur félagsins námu 364,4 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 39,1 millj. kr. milli ára eða um 12%. Tap félagsins á árinu 2025 nam 1,1 millj. kr. (2024: tap 6,6 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 43,2 millj. kr. (2024: neikvætt um 42,1 millj. kr.). Tap ársins yfirfærir til næsta árs. Rekstrarniðurstaða ársins sýnir batamerki, einkum vegna aukinna tekna af styrkjum og framlögum ásamt aukningu í sölu á þjónustu og vörum. Afkoma fyrir fjármagnsliði var jákvæð. Áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins er eftir sem áður háð opinberum styrkveitingum og framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Stjórn félagsins telur, með hliðsjón af þróun rekstrar á árinu og væntingum um áframhaldandi stuðning, að forsendur séu fyrir áframhaldandi rekstri á næsta ári.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Rekstrarfélgs Hauka ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2025 ásamt sjóðstremisýfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 4. maí 2026

(rafræn undirritun)

Stjórn

Bragi Hinrik Magnússon

Halldór Garðarsson

Andri Már Ólafsson

Ingi Björn Jónsson

Guðborg Halldórsdóttir

Valdimar Óskarsson

Valgerður Sigurðardóttir

Brynjar Viggósson

Framkvæmdarstjóri

Magnús Gunnarsson



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2025 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2025, efnahag hinn 31. desember 2025 og breytingu á sjóðstreymi 2025, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 4. maí 2026

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.
(rafræn undirritun)

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
Tekjur:		
Míðasala	16.260.351	12.499.086
Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk	59.657.050	65.095.234
Styrkir og framlög án/vsk	157.226.535	127.890.381
Framlag frá aðalstjórn v. húsnæðis	64.000.000	65.000.000
Framlag til deilda frá aðalstjórn	21.000.000	18.000.000
Seldar vörur og fl.	15.497.008	12.614.095
Leigutekjur m/vsk	7.619.784	6.384.359
Aðrar tekjur	23.134.953	17.844.246
	<u>364.395.681</u>	<u>325.327.401</u>
Rekstrargjöld:		
Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga	29.957.614	21.385.831
Mótagjöld	14.152.367	12.204.034
Verktakar	116.425.926	115.013.665
Viðburðir og kostnaður vegna leikja	88.748.590	72.593.967
Dómarakostnaður og mótahald	200.600	279.550
Húsnæðiskostnaður	35.549.783	36.183.685
Áhalda- og tækjakostnaður	8.827.495	11.166.074
Ferðakostnaður	38.966.716	33.645.388
Kostnaður v/leigu	1.639.359	1.619.600
Kostnaður v/félagsskipta	6.657.314	6.188.400
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða	6.660.076	4.061.965
Stjórnun og umsýsla	9.995.289	9.683.747
Annar kostnaður	3.249.862	3.484.973
	<u>361.030.991</u>	<u>327.510.879</u>
Afskriftir 3.	2.326.247	2.907.809
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	<u>1.038.443</u>	<u>(5.091.287)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	437.879	645.041
Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur	(2.613.620)	(2.204.170)
	<u>(2.175.741)</u>	<u>(1.559.129)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>(1.137.298)</u>	<u>(6.650.416)</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

		2025	2024
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki	3.	9.807.752	12.133.999
		<u>9.807.752</u>	<u>12.133.999</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	4.	30.847.522	10.453.184
Handbært fé		9.901.167	18.564.630
		<u>40.748.689</u>	<u>29.017.814</u>
Eignir samtals		<u>50.556.441</u>	<u>41.151.813</u>

Eigið fé og skuldir

		2025	2024
Eigið fé:			
Hlutfé		500.000	500.000
Ójafnað eigið fé	5.	(43.710.206)	(42.572.908)
Eigið fé samtals		<u>(43.210.206)</u>	<u>(42.072.908)</u>
Skammtíma skuldir:			
Skuld við móðurfélag, Knattsp.f Hauka		34.443.075	24.241.702
Viðskiptaskuldir	6.	56.495.306	55.040.858
Ógreiddur kostnaður		2.720.794	2.311.777
Ógreiddur virðisaukaskattur		107.472	1.630.384
		<u>93.766.647</u>	<u>83.224.721</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>50.556.441</u>	<u>41.151.813</u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	(1.137.298)	(6.650.416)
Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri:		
Afskriftir	3. 2.326.247	2.907.809
Veltufé (til) frá rekstri	<u>1.188.949</u>	<u>(3.742.607)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(20.394.338)	5.804.595
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	10.541.926	10.990.340
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>(9.852.412)</u>	<u>16.794.935</u>
Handbært fé frá (til) rekstri	<u>(8.663.463)</u>	<u>13.052.328</u>
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keypt áhöld	0	(7.989.767)
	<u>0</u>	<u>(7.989.767)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(8.663.463)	5.062.561
Handbært fé í ársbyrjun	18.564.630	13.502.069
Handbært fé í árslok	<u>9.901.167</u>	<u>18.564.630</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlinuáðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 01.01.2025	34.334.181
Heildarverð 31.12.2025	<u>34.334.181</u>
Afskrifað áður	(22.200.182)
Afskrifað á árinu	(2.326.247)
Afskrifað samtals	(24.526.429)
Bókfært verð 31.12.2025	<u>9.807.752</u>
Afskriftarprósenta	20%

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 202,3 milljónir í árslok 2025.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	30.847.522
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>0</u>
	<u>30.847.522</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

5. Eigið fé

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2025	500.000	(42.572.908)	(42.072.908)
Hagnaður (tap) ársins	0	(1.137.298)	(1.137.298)
Eigið fé 31. desember 2025	<u>500.000</u>	<u>(43.710.206)</u>	<u>(43.210.206)</u>

6. Viðskiptaskuldir

Innlendar viðskiptaskuldir	<u>56.495.306</u>
	<u>56.495.306</u>



... alltaf gleði ... alltaf stemning!







FYLGISKJAL 3
AÐALSTJÓRN
SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
2025



Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur samstæðu Knattspyrnufélagsins Hauka námu 1.162,8 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 355 millj. kr. milli ára eða um 43,9%. Tap samstæðu á árinu 2025 nam 6,3 millj. kr. (2024 tap 13,9 millj. kr.) Hækkun rekstrartekna á árinu skýrist að verulegu leyti af hækkun reiknaðrar innri húsaleigu. Á árinu var tekið í notkun nýtt húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem félagið nýtir, og hefur það áhrif til hækkunar bæði á tekjum og gjöldum.

Eigið fé samstæðu í árslok nam 276,7 millj. kr. (2024: 283,1 millj. kr.) Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfesta hér með ársreikning samstæðu fyrir árið 2025 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2025 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 4. maí 2026

(rafræn undirritun)

Stjórn

Magnús Gunnarsson

Kristján Ó. Davíðsson

Andri Már Ólafsson

Halldór Jón Garðarsson

Guðborg Halldórsdóttir

Ingimar Haraldsson

Valgerður Sigurðardóttir

Elva Guðmundsdóttir

Brynjar Þór Þorsteinsson

Brynjar Örn Steingrímsson

Eiríkur Svanur Sigfússon

Oddný Sófusdóttir



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árseikning þennan fyrir samstæðu Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2025 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjörins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð árseikninga með það að markmiði, að leggja fram árseikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Árseikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Árseikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Árseikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2024, efnahag hinn 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé árið 2025 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 4. maí 2026

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.
(*rafræn undirritun*)

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið samstæðuársreikning þennan fyrir árið 2025 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 4. maí 2026

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
REKSTRARTEKJUR:		
Tekjur	709.413.426	603.220.153
Reiknuð húsaleiga	453.443.467	204.591.553
Rekstrartekjur alls	<u>1.162.856.893</u>	<u>807.811.706</u>
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	2. 183.638.988	145.558.151
Rekstrargjöld	516.283.717	455.598.886
Afskriftir	4. 12.046.247	12.627.809
Reiknuð húsaleiga	453.443.467	204.591.553
Rekstrargjöld alls	<u>1.165.412.419</u>	<u>818.376.399</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnslíða	(2.555.526)	(10.564.693)
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	1.478.709	1.622.003
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(5.264.052)	(4.984.312)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	<u>(3.785.343)</u>	<u>(3.362.309)</u>
	<u>(6.340.869)</u>	<u>(13.927.002)</u>
REKSTRARAFKOMA (TAP) ARSINS	<u>(6.340.869)</u>	<u>(13.927.002)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

	2025	2024
FASTAFJÁRMUNUR:		
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:		
Ásvellir	294.840.000	304.560.000
Áhöld og tæki	9.807.752	12.133.999
4.	<u>304.647.752</u>	<u>316.693.999</u>
Fastafjármunir alls	<u>304.647.752</u>	<u>316.693.999</u>
VELTUFJÁRMUNIR:		
Skammtíma kröfur	34.193.354	15.430.410
Handbært fé	49.167.017	58.895.098
Veltufjármunir alls	<u>83.360.371</u>	<u>74.325.508</u>
Eignir alls	<u>388.008.123</u>	<u>391.019.507</u>

Eigið fé og skuldir

	2025	2024
EIGIÐ FÉ:		
Óráðstafað eigið fé 1/1	283.115.350	297.042.352
Hagnaður (tap) ársins	(6.340.869)	(13.927.002)
Eigið fé alls	<u>276.774.481</u>	<u>283.115.350</u>
LANGTÍMA SKULDIR:		
Langtíma lán	13.156.603	16.037.406
Langtímaskuldir alls	<u>13.156.603</u>	<u>16.037.406</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:		
Næsta árs afborgun langtímalána	3.785.056	3.999.186
Skammtímaskuldir	94.291.983	87.867.565
Skammtímaskuldir alls	<u>98.077.039</u>	<u>91.866.751</u>
Skuldir alls	<u>111.233.642</u>	<u>107.904.157</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>388.008.123</u>	<u>391.019.507</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinir og glæða áhuga almennings á gildi íþróttar. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. Laun og launatengd gjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	149.991.630	118.293.652
Lífeyrissjóður	18.699.366	14.913.520
Bífreiðarstyrkur	1.088.304	1.405.982
Launatengd gjöld	13.859.688	10.944.997
	<u>183.638.988</u>	<u>145.558.151</u>

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 20 á árinu (2025: 20).

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 01.01.2025	<u>324.000.000</u>	<u>34.334.181</u>	<u>358.334.181</u>
Heildarverð 31.12.2025	<u>324.000.000</u>	<u>34.334.181</u>	<u>358.334.181</u>
Afskrifað áður	(19.440.000)	(22.200.182)	(41.640.182)
Afskrifað á árinu	(9.720.000)	(2.326.247)	(12.046.247)
Afskrifað samtals	<u>(29.160.000)</u>	<u>(24.526.429)</u>	<u>(53.686.429)</u>
Bókfært verð 31.12.2025	<u>294.840.000</u>	<u>9.807.752</u>	<u>304.647.752</u>

Afskriftarprósenta 3% 20%

Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749 236.900.000

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 727 milljónir í árslok 2025.

5. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	34.193.354
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>0</u>
	<u>34.193.354</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

6. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2025	283.115.350	283.115.350
Hagnaður (tap) ársins	(6.340.869)	(6.340.869)
Eigið fé 31. desember 2025	<u>276.774.481</u>	<u>276.774.481</u>



7. Langtímaskuldir	<u>31.12.2025</u>
Landsbanki Íslands	16.941.659
Næsta árs afborganir	<u>(3.785.056)</u>
	13.156.603
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Árið 2026	3.785.056
Árið 2027	3.400.000
Árið 2028	3.400.000
Árið 2029	2.037.420
Afborganir síðar	<u>4.319.183</u>
	16.941.659
8. Skammtímaskuldir	
Innlendar viðskiptaskuldir	73.265.194
Ógreitt vegna starfsfólks	18.198.523
Ógreiddur kostnaður	2.720.794
Ógreiddur virðisaukaskattur	<u>107.472</u>
	<u>94.291.983</u>



Áfram Haukar!